

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 252/2019

2023/EES/5/06

frá 25. október 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1289 frá 31. júlí 2019 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 11201P, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1290 frá 31. júlí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/338 að því er varðar lágmarksinnihald blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga eða kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er BASF SE) ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 252. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/338):

„breytt með:

- **32019 R 1290:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1290 frá 31. júlí 2019 (Stjtið. ESB L 203, 1.8.2019, bls. 6).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 301. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1125):

„302. **32019 R 1289:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1289 frá 31. júlí 2019 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 11201P, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 203, 1.8.2019, bls. 2).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/1289 og (ESB) 2019/1290, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 203, 1.8.2019, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 203, 1.8.2019, bls. 6.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.